

Fréttatilkynning frá Fiskifélagi Íslands, 31. maí 2010.

Alþjóðlegt kynningar- og umsagnarferli vegna vottunar ábyrggra fiskveiða Íslendinga

Fiskifélag Íslands mun frá og með morgundeginum, 1. júní 2010, hefja alþjóðlegt kynningar- og umsagnarferli vegna kröfulýsingar sem vottun ábyrggra fiskveiða mun byggja á. Leiðbeiningar um hvernig skila á inn umsögnum og athugasemdum er að finna á vefslóðinni www.responsiblefisheries.is

Tilgangur vottunarinnar er að sýna fram á með gagnsæjum hætti að staðið sé að fiskveiðum og fiskveiðistjórnun á Íslandi á ábyrgan og alþjóðlega viðurkenndan hátt í samræmi við kröfur Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, FAO.

Fiskifélag Íslands var stofnað árið 1911. Tilgangur þess er að vera sameiginlegur starfsvettvangur samtaka í sjávarútvegi með það að markmiði að auka veg og virðingu íslensks sjávarútvegs, efla hag greinarinnar, stuðla að framförum í íslenskum sjávarútvegi og veita stjórnvöldum og öðrum, sem eftir því leita, umbeðna þjónustu.

Nánari upplýsingar veitir Finnur Garðarsson í síma 896 2400.